

**Sp.**

**432. Fyrirspurnir**

[183. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á loðnugöngum, o. fl.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Með hvaða hætti ætlar ráðherrann að láta fylgjast með loðnugöngum og loðnustofninum á þessu ári?
2. Hvað er ætlazt fyrir um rannsóknir á göngum sandsílis, spærlings og kolmunna á þessu ári og um stuðning við tilraunir til þess að veiða og verka þessa fiska?

II. Til sjávarútvegsráðherra um lánveitingar úr fiskveiðasjóði.

Frá Birni Pálssyni.

1. Hvenær byrjaði fiskveiðasjóður að lána með gengistryggingu, og hve mörg lán voru veitt án gengistryggingar, frá því að byrjað var á því og þar til gengið var lækkað 1968?

2. Hve mikið lánaði fiskveiðasjóður án gengistryggingar, frá því að byrjað var að lána þannig, þar til gengið var lækkað 1968, og hve mikið lánaði sjóðurinn af gengistryggðum lánnum á sama tíma?
3. Hve mikið skuldaði fiskveiðasjóður í erlendri mynt, þegar gengið var lækkað:
  - a) 1960,
  - b) 1961,
  - c) 1967,
  - d) 1968?
4. Hve mikið af heildarútlánnum fiskveiðasjóðs var lánað með gengisáhættu í árslok 1967, og hve mikið án gengisáhættu?
5. Hve mikið hækkuðu skuldir fiskveiðasjóðs erlendis miðað við íslenskar krónur við gengislækkarnir 1967 og 1968, og hve miklu af því tapi var jafnað niður á þá, sem skulduðu fiskveiðasjóði?

III. Til viðskiptaráðherra um nýtingu markaða fyrir niðursoðnar fiskafurðir.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til að hagnýta markaði, sem sérfræðingar Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna álíta, að séu í Bandaríkjunum, Kanada, Vestur-Þýzkalandi, Frakklandi og Bretlandi fyrir niðursoðnar sjávarafurðir frá Íslandi, samkv. upplýsingum, sem birtar voru á blaðamannafundi í utanríkisráðuneytinu 11. desember síðastliðinn?

IV. Til fjármálaráðherra um greiðslur vegna ómældrar yfirvinnu.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvað hefur mörgum ríkisstarfsmönnum verið greidd ómæld yfirvinna, og hvenær voru þessar greiðslur upp teknar?
2. Hver hefur ákveðið þessar greiðslur, og eftir hvaða heimild eru þær inntar af hendi?
3. Hvaða ástæður lágu til þess, að umræddum starfsmönnum var greidd launauppbót með þessum hætti, en ekki hækkuð launin sem þessari greiðslu nam?

V. Til fjármálaráðherra um ríkisábyrgðir.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Ingvari Gíslasyni og Ágúst Þorvaldssyni.

1. Hve mikið hefur ríkisábyrgðasjóður greitt vegna ríkisábyrgða á árinu 1969, fyrir hverja og hve mikið fyrir hvern aðila?
2. Hvaða einstaklingar og fyrirtæki skulda ríkisábyrgðasjóði í árslok 1969, og hver er skuld hvers um sig?
3. Hve mikið var afskrifað af eignum ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1969 og af hvaða ástæðum?